

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 10. október 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsyfirlit

a) Samantekt um rekstur fyrstu 8 mánuði ársins

Fyrir fundinum lá samantekt um rekstur aðalsjóðs og samstæðu fyrstu 8 mánuði ársins. Í samantektinni kemur fram að rekstur lítur út fyrir að koma lakar út en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn ræddi samantektina og fór yfir einstaka liði hennar. Samþykkt að hraða sem mest endurskoðun áætlunar og greina með þeim hætti hvernig rekstur ársins lítur út.

b) Bréf EFS um fjármál sveitarfélaga

Í bréfi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga eru teknar saman helstu kennitölur í rekstri sveitarfélaga á árabílinu 2008 – 2011 og farið yfir hvaða viðmið eftirlitsnefndin mun styðjast við þegar lagt er mat á fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna. Meðfylgjandi bréfinu var samandregið yfirlit úr ársreikningum sveitarfélaga árið 2010 sem sýnir helstu niðurstöður ársreikninganna.

Bréfið var til kynningar.

2. Fellsborg endurbætur

Fyrir fundinum lágu hönnunargögn um breytingar í kjallara Fellsborgar sem höfðu verið unnin af arkitektastofunni Form. Í gögnunum er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á félagsaðstöðu, félagaherbergjum og bókasafni.

Sveitarstjórn yfirfor fyrirbyggjandi gögn og ræddi þær breytingar sem þar koma fram og kostnað sem af þeim leiðir. Eftir að hafa farið yfir einstaka verkþætti var niðurstaða sveitarstjórnar að óska eftir endurskoðaðri áætlun þar sem m.a. verði gert ráð fyrir ákveðnum búnaði sem settur verði upp samhliða breytingum.

3. Fræðslumál

a) Samantekt um kennslukvóta og stöðuhlutföll

Fyrir fundinum lá samantekt skólastjóra á kennslukvóta og stöðuhlutföllum í Höfðaskóla á árabílinu 1999 – 2011. Í samantektinni var einnig nánari greinargerð um kennslustundafjölda, stöðugildi og samkenntu skólaárin frá 2008 -2011.

Fyrirliggjandi gögn voru til kynningar.

b) Skólastefna

Fyrir fundinum lá skólastefna sem var frestað á síðasta fundi. Sveitarstjórn ræddi stefnuna og samþykkti hana sem skólastefnu sveitarfélagsins.

4. Samantekt um umhverfismál

Fyrir fundinum lá yfirlit um þau bréf sem send voru út vegna kröfu byggingaryfirvalda um úrbætur á fasteignum. Í samantektinni kemur fram hvaða viðbrögð hafi verið hjá einstökum fasteignaeigendum.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi upplýsingar en málið hafði verið til umfjöllunar í skipulags og byggingarnefnd.

Sveitarstjórn ítrekaði að senda þurfi þeim bréf sem ekki hafi brugðist við á fullnægjandi hátt.

5. Tjaldsvæði – útilegukort

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um Útilegukortið.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi samningsdrög og samþykkti að láta reyna á samning um útilegukortið í eitt ár.

6. Nes listamiðstöð

Málinu frestað til næsta fundar.

7. Bréf

a) Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 5. ágúst 2011

Með bréfinu er gerð grein fyrir að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafi komist að samkomulagi um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Á grundvelli samkomulagsins er jöfnunarsjóði heimilt að veita framlög til lögheimilissveitarfélaga þeirra nemenda sem þurfa að sækja tónlistarnám utan síns sveitarfélags. Í bréfinu er gerð ítarlegri grein fyrir umsóknum og afgreiðsluferlum vegna málsins.

Málið var til kynningar.

b) Velferðarráðuneytis, dags. 9. september 2011

Með bréfinu er gerð grein fyrir að velferðarráðherra hafi kynnt skýrslu þar sem gerð hafi verið grein fyrir aðgerðaráætlun sveitarfélaga um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Erindi bréfsins er að hvetja sveitarfélög til að setja sér slíka aðgerðaráætlun.

Bréfið var til kynningar.

c) Guðmundar S. Jóhannssonar, dags. 7. september 2011

Með bréfinu spyr Guðmundur hvort vilji og geta sé hjá sveitarfélögum í Austur

Húnavatnssýslu til að styrkja ritun ábúendaskrár allra hreppa í sýslunni. Í sýnishornum sem voru meðfylgjandi bréfinu kemur fram að ábúendatal verði rakið aftur til um 1660.

Sveitarstjórn ræddi erindið en var að svo komnu máli ekki tilbúin að leggja í kostnað vegna gerðar ábúendataalsins.

d) Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 5. september 2011

Í bréfinu kemur fram að sveitarstjórnir skuli hlutast til um stofnun ungmennaráða og bent á að ungmennaráð skuli vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

Meðfylgjandi bréfinu voru leiðbeiningar um stofnun og störf ungmennaráða.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að fylgjast með framvindu og þróun í störfum ungmennaráða á sveitarstjórnarstiginu.

e) Menningarráð Norðurlands vestra, dags. 30. september 2011

Með bréfinu óskar menningarráði eftir því að sveitarstjórnir á starfssvæði ráðsins taki sem fyrst til afgreiðslu tillögu að samstarfssamningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um

menningarmál og heimili framkvæmdastjórnum að undirrita nýjan samning. Meðfylgjandi bréfinu var umræddur samningur.

Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan fyrir sitt leyti.

8. Fundargerðir

- a) Hafnarnefndar, 6.10.2011

Fundargerðin var samþykkt.

- b) Skipulags- og byggingarnefndar, 3.10.2011

Sveitarstjórn tók sérstaklega fyrir eftirfarandi dagskrárliði:

dagskrárliður 1. Deiliskipulag

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar á deiliskipulagi Hólaness og jafnframt þá breytingu sem gerð var á skipulaginu að fenginni athugasemd um lóðamörk Miðness.

Sveitarstjórn samþykkir því að auglýsa deiliskipulagið með áorðnum breytingum og vísa því til Skipulagsstofnunar.

dagskrárliður 2 Einbúastígur 8

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu skipulagsnefndar um heimild til að rífa olúgeymi á lóðinni.

dagskrárliður 4 Staðfesting lóðamarka

Sveitarstjórn samþykkti ákvörðun skipulagsnefndar um lóðamörk.

Aðrir dagskráliðir voru til kynningar.

- c) Stjórnar Norðurár bs., 5.09.2011

Fundargerðin var til kynningar

- d) Ársfundar Norðurár bs. 15.09.2011

Fundargerðin var til kynningar

- e) Almannaavarnarnefndar Húnavatnssýslna, 27.09.2011

Sveitarstjórn samþykkti þá kostnaðarþátttöku sem gert er ráð fyrir vegna almannaavarnaæfingar 14.-15. október. Beiðni um reglubunar greiðslur til almannaavarna var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Að öðru leyti var fundargerðin til kynningar.

- f) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 4.08.2011

Fundargerðin var til kynningar.

- g) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 21.09.2011

Fundargerðin var til kynningar.

- h) Aðalfundar Menningarráðs Nl.vestra, 26.08.2011

Fundargerðin var til kynningar.

- i) Menningarráðs, 27.09.2011

Fundargerðin var til kynningar.

j) Ársþings SSNV, 26.-27.08.2011
Fundargerðin var til kynningar.

k) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 9.09.2011
Fundargerðin var til kynningar.

9. Umferðar- og löggæslumál

Á fundinn mættu Bjarni Stefánsson sýslumaður og Kristján Þorbjörnsson varðstjóri.

Til umræðu voru umferðarmál í sveitarfélaginu og löggæslumál almennt.

Mikil umræða varð um málin og skipst á skoðunum og upplýsingum.

10. Önnur mál.

- a) Sveitarstjóri upplýsti að hann hafi sent bréf til Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi um uppsögn á samstarfssamningi. Bréfið hafi verið sent í framhaldi af rafrænni afgreiðslu sveitarstjórnar.
- b) Umræður urðu um félagslegar íbúðir sveitarsfélagsins og ákveðið að hefja markaðsetningu á þeim og selja hluta íbúðanna.
- c) Oddviti greindi frá fundi sem hann og sveitarstjóri áttu með fulltrúum Vegagerðarinnar. Á þeim fundi var rætt um samstarf vegna þjóðveggar í þéttbýli og áherslur sveitarstjórnar um vegabætur á svæðinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12¹⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson